

124. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 10. júlí 2018 kl 15:30.

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir og Svava Steinarsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík – iðnaður og önnur landfrek starfsemi.
Lagður fram tölvupóstur Haraldar Sigurðssonar deildarstjóra aðal- og deiliskipulags hjá Reykjavíkurborg dagsettur 27. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi athafna- og iðnaðarsvæði. Aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu er að finna á adalskipulag.is.

Bókun:

Frestað þar til kynningarfundur um málið hefur farið fram en hann verður haldinn í ágúst.

2. Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, deiliskipulagstillaga.
Lagður fram tölvupóstur skipulagsstjóra Kópavogsbæjar dags 3. júlí 2018 þar sem vakin er athygli á kynningu á breyttu deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Breytingin er auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Breytingin nær til alls skíðasvæðisins og gerir grein fyrir þáttum eins og snjóframleiðslu, endurnýjun lyfta á svæðinu svo og breyttum staðsetningum á lyftum, nýjum skálum og þjónustuhúsum. Einnig er gert ráð fyrir landmótun vegna skíðagönguhrings. Tölvupósturinn var áframsendur Framkvæmdastjórn af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Erindið, *Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi, deiliskipulag – tillaga*, unnin af Landslagi ehf.

Vísað er jafnframt til eftirfarandi gagna á heimasíðu Kópavogsbæjar meðfylgjandi erindinu:

- Skipulagsuppráttar. Breytt deiliskipulag og gildandi deiliskipulag frá 03.02.2005. Athugasemdafrestur er veittur til 16. júlí 2018.
- Greinargerð, umhverfisskýrsla og skilmálar (útgáfa 0.1) uppfært 13. 4 2018.
- Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar, *Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum*, febrúar 2018
- Skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits, *Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll, áhættumat gagnvart vatnsvernd*, desember 2017.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Bókun:

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hefur tekið ofangreind gögn til skoðunar og telur að vinna þurfi deiliskipulagstillöguna betur m.t.t. vatnsverndar en skipulagsvæðið er háð vatnsvernd samkvæmt samþykkt nr. 555/2015. Gera þarf grein fyrir þeim þætti sem varðar allar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu, stórar sem smáar. Það er að ástand vega og samgangna auk bílastæða verði bætt m.t.t. mengunarvarna. Það er meginforsenda þess að yfirleitt sé hægt að fara í framkvæmdir á svæðinu sem er aðalákomusvæði grunnvatns höfuðborgarbúa. Eins og staðan er í dag er ástand samgangna í ólestri eins og réttilega er bent á í tillögunni. Ef áform um úrbætur liggja ekki fyrir er sjálfhætt við hugmyndir um framkvæmdir með tilheyrandi áhættu fyrir grunnvatnið hvað þá að almenn umferð og umsvif á svæðinu verði aukin. Einnig skal bent á að það vantar frekari rannsóknir á svæðinu.

Framkvæmdastjórn varar við þeirri nálgun sem kemur fram í lok tillögunnar að „Skynsamlegt væri að fara í áætlaðar framkvæmdir í áföngum og meta áhrifin reglulega.“ Meta þarf áhrif allra fyrirhugaðra framkvæmda er varðar uppbyggingu skíðasvæðisins heildstætt auk áhættunnar við lagfæringu á samgöngum og bílastæðum.

Fundi var slitið 16.00